

Helstu tjón, breytingar á lögum og reglugerðum og annað markvert 2009

Guðmundur Gunnarsson
yfirverkfræðingur
Brunamálastofnun

Brúnaárið 2009

- Ekkert manntjón
- Eignatjón yfir meðallagi
- Brunar í gömlum húsum
- Þakbrunar

Brúnaárið 2009

- Önnur mál
 - Lög 29/2009 Rafmagnsöryggismál til Brunamálastofnunar frá Neytendastofu
 - 5 nýir menn
 - Óleyfisíbúðir
 - Lög um kolvetnisstarfsemi
 - Drekasvæðið
 - eldvarnaeftirlit
 - öryggismat
 - Tveir starfsmenn hætta


Nokkrir áhugaverðir brunar 2009

- 16.1 Klapparstígur 17, Reykjavík
 - Gamalt timburhús með mörgum íbúðum
- 10.7 Hótel Valhöll
 - Gamalt timburhús
- 29.8 Sólvellir, Grundarfirði
 - Iðnaðarhús, stálgrind
- Þakbrunar
 - Heit vinna


Banaslys 2009

- Engin
– Kljáströnd


Manntjón í brunum 1979-2008




Heildarfjöldi banaslysa á Íslandi




Bætt brunatjón 1981-2009




Brunatjón sem hlutfall af matsfjárhæðum




Bætt brunatjón 5. ára meðaltal






Meðaltjón 1383 þús.

Dreifing tjóna á árið



Tjón sem hlutfall af VLF



Óleyfisíbúðir

- **Efni: Óleyfisíbúðir eftirlit með framkvæmd sveitarfélaga**
- Með lögum nr. 67/2007 var sú breyting gerð á lögum nr. 75/2000 að sett var inn ákvæði V til bráðabirgða þar sem ætlunin var að stemma stigu við ólögmætri búsetu í atvinnuhúsnæði. Framkvæmd á þessu ákvæði byggir á því að slökkviliðið í samvinnu við byggingafulltrúa geri úttekt á atvinnuhúsnæði m.t.t. búsetu og geri kröfu um úrbætur á brunavörnum í húsnæðinu til að tryggja öryggi fólks.
- Hafi ekki fengist leyfi fyrir breyttri notkun húsnæðisins fyrir 1. mars 2009 skal *eigandi rýma húsnæðið og láta af hinni ólögmætu notkun, enda hafi slökkviliðsstjóri ekki fyrir þann tíma fyrirskipað lokun þess skv. 31. gr.*
- Brunamálastofnun hefur eftirlit með framfylgd laganna og með vísan í gr. 5 staflið b. óskar Brunamálastofnun eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu um:
 1. Niðurstöðu könnunar á umfangi ólögmætrar búsetu í atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu ?
 2. Í hve mörgum tilvikum hafi verið gerðar kröfur um úrbætur á slíku húsnæði á grundvelli áður nefndra laga ?
 3. Hvort gerðar hafi verið breytingar á deiliskipulagi í sveitarfélaginu til þess að leyfa búsetu á svæðum sem áður voru skipulögð sem atvinnuhúsnæði eingöngu ?
 4. Í hve mörgum tilvikum hafi verið gerðar kröfur um að slíkt húsnæði væri rýmt ?
- Óskað er eftir að upplýsingarnar berist stofnuninni sem fyrst og ekki síðar en 15. apríl 2009.

Óleyfisíbúðir - Niðurstöður

- Sent út bréf til allra sveitarfélaga 16.3.2009
- Svar kom frá 27 af 77 (35%)
 - 13 sveitarfélög með enga óleyfisíbúð
 - 14 sveitarfélög með óleyfisíbúðir
 - Frá 1. upp í 52 íbúðir
- Engar skipulagsbreytingar gerðar
 - Fyrir 1. jan 2009 leyfi aflað fyrir notkun
 - Fyrir 1. mars 2009 hætt notkun án leyfis

Lög og reglugerðir 2009

- Lög nr. 166 um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi.
 - Tóku gildi 1.1.2009
- Lög 29/2009 um breytingu á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar
 - Tóku gildi 2.4.2009
- Reglugerð um hlífðarbúninga slökkviliðsmanna nr. 914/2009
 - Tók gildi 13.11.2009
- Gjaldskrár slökkviliða
 - Fjögur slökkvilið

Lög nr. 166/2008 um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi.

- **2. ÞÁTTUR** Breytingar á löggjöf umhverfísráðuneytis.
- **V. KAFLI** Breyting á [lögum um brunavarnir, nr. 75/2000](#), með síðari breytingum. 23. gr. Við 1. másl. 2. gr. laganna bætist: nema kveðið sé á um annað í lögum þessum.

24. gr. Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Um eldvarnaeftirlit varðandi mannvirki vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis í íslenskrri efnahagslögsögu og innan landgrunnsmarka fer samkvæmt ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt. **Brunamálastofnun annast framkvæmd eldvarnaeftirlits** og setur um það reglur sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

25. gr. Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, svohljóðandi:

Mannvirki innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka sem eru fyrirhuguð eða tilkomin vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis skulu háð sérstöku öryggismati sem framkvæmt er af notanda mannvirkis og staðfest af Brunamálastofnun. Öryggismat þetta skal endurskoða að jafnaði á fimm ára fresti. Umhverfísráðherra setur að fengnum tillögum Brunamálastofnunar reglugerð um útfærslu og framkvæmd öryggismats, svo og þau gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar verður að telja til að matið byggist á öruggum forsendum. Í reglugerð þessari skal einnig kveðið á um hlutverk slökkviliða vegna eld- eða sprengihættu í þessu sambandi.

Brunamálastofnun er heimil gjaldtaka vegna eldvarnaeftirlits, öryggismats og endurskoðunar öryggismats. Gjaldið má þó ekki vera hærra en nemur rökstuddum kostnaði við gerð eða endurskoðun öryggismats og framkvæmd eldvarnaeftirlits.

Svo kom rafmagnið á.....

- *Lög nr. 29 1. apríl 2009.*
Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar.
- **1. ÞÁTTUR** Breyting á löggjöf umhverfisráðuneytis. I. **KAFLI** Breyting á **lögum um brunavarnir, nr. 75/2000**, með síðari **breytingum**. 1. gr. Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: hafa eftirlit með framkvæmd **laga nr. 146/1996**, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Reglugerð um hlífðarbúninga slökkviliðsmanna nr. 914/2009

- **1. gr. Markmið.**
- Markmið með reglugerð þessari er að tryggja öryggi slökkviliðsmanna og þeirra sem skipaðir eru í slökkvilið skv. 1. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir.
- **2. gr. Skilgreiningar.**
- *Hlífðarbúnaður:* Allur búnaður sem ver slökkviliðsmann við störf sín, s.s. hjálmar, hlífðarhettur, hlífðarfatnaður, hanskar og skór.
- *Endingartími búnaðar:* Sá tími sem framleiðandi ætlar að búnaðurinn endist og haldi fullu öryggi.
- **3. gr. Kröfur til gæða búnaðar.**
- Allur hlífðarbúnaður skal að lágmarki uppfylla ákvæði þeirra ÍST EN staðla sem taldir eru upp í viðauka við reglugerð þessa. Sé keyptur hlífðarbúnaður sem framleiddur er eftir öðrum stöðlum skal búnaðurinn einnig uppfylla ÍST EN staðlana. Ætíð skal miða við nýjustu útgáfu staðalsins.
- Hafi verið gefinn út samhæfður staðall fyrir hlífðarbúnað skal sá búnaður vera CE-merktur og uppfylla ákvæði reglna nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa.
- **4. gr. Annar fatnaður.**
- Allur fatnaður sem slökkviliðsmaður klæðist undir hlífðarbúnaði skal vera úr efnum sem ekki bráðna við hita s.s. bómull eða ull.

Reglugerð um hlífðarbúninga slökkviliðsmanna nr. 914/2009

- **5. gr. Kröfur til seljanda hlífðarbúnaðar.**
- Seljandi hlífðarbúnaðar fyrir slökkviliðsmenn skal ábyrgjast að hlífðarbúnaðurinn fullnægi öryggis-kröfum á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við fyrirsjáanlega og eðlilega notkun búnaðarins.
- Hafi hlífðarbúnaður ekki fullgilda viðurkenningu á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 2. mgr. 3. gr., skal sá sem framleiðir, flytur inn eða selur hlífðarbúnaðinn leita viðurkenningar hjá Brunamála-stofnun áður en búnaðurinn er settur á markað hér á landi. Kostnaður vegna beiðni um viðurkenningu skal borinn af þeim sem óskar viðurkenningar.
- Telji Brunamálastofnun að búnaðurinn fullnægi ekki kröfum skv. 1. mgr. er stofnuninni heimilt að banna sölu hans.
- **6. gr. Upplýsingar um hlífðarbúnað.**
- Með öllum hlífðarbúnaði sem seldur er skulu fylgja greinargóðar upplýsingar á íslensku um notkunarvið hans, viðhald, þrif á búnaðinum og um ætlaðan endingartíma.
- Brunamálastofnun skal gefa út leiðbeiningar um hvernig meta skuli skemmdir á hlífðarbúnaði.
- **7. gr. Breytingar á hlífðarbúnaði.**
- Óheimilt er að gera þær breytingar á hlífðarbúnaði sem skert geta notagildi eða öryggi hans.

Reglugerð um hlífðarbúninga slökkviliðsmanna nr. 914/2009






- **8. gr. Hlífðarbúnaður tekinn úr notkun.**
- Hlífðarbúnaður sem ekki uppfyllir grunnkröfur reglna nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa skal tekinn úr notkun.
- Hlífðarbúnaður sem hefur orðið fyrir skemmdum sem geta haft áhrif á öryggi slökkviliðsmanns skal tafarlaust tekinn úr umferð.
- Taka skal úr umferð hlífðarbúnað sem kominn er fram yfir ætlaðan endingartíma.
- **9. gr. Viðurlög.**
- Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða refsingum samkvæmt 34. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir.
- **10. gr. Gildistaka.**
- Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 186/1984 um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna, með síðari breytingum.
- **Ákvæði til bráðabirgða.**
- Hlífðarbúnaður sem er í notkun við gildistöku reglugerðar þessarar og uppfyllir ekki ákvæði hennar skal tekinn úr notkun eigi síðar en **1. september 2010**. Þetta gildir þó ekki ef 2. mgr. 8. gr. á við um búnaðinn.

Reglugerð um hlífðarbúninga

VIÐAUKI Listi yfir staðla

- *ÍST EN 443* – Hjálmar fyrir slökkviliðsmenn
- *ÍST EN 469* – Hlífðarfátnaður fyrir sökkviliðsmenn - Kröfur og prófunaraðferðir fyrir hlífðar-fatnað fyrir slökkvistarf
- *ÍST EN 659* – Hlífðarhanskar fyrir slökkviliðsmenn
- *ÍST EN 943-1* – Hlífðarfátnaður til nota gegn fljótandi og loftkenndum efnum, að úðaefnum og ögnum úr föstum efnum meðtöldum - 1. hluti: Nothæfiskröfur vegna ólofttræstra hlífðar-flíka með loftþétt samskeyti (gerð 1) og ekki loftþétt (gerð 2)
- *ÍST EN 943-2* – Hlífðarfátnaður til nota gegn fljótandi og loftkenndum efnum, að úðaefnum og ögnum úr föstum efnum meðtöldum - 2. hluti: Nothæfiskröfur vegna „loftþéttra“ (gerð 1) hlífðarbúninga gegn kemískum efnum fyrir neyðarlið (ET)
- *ÍST EN 1486*/*ÍST EN 1486* – Hlífðarfátnaður fyrir slökkviliðsmenn - Prófunaraðferðir og kröfur vegna endurkastsfátnaðar fyrir sérhæft slökkvistarf
- *ÍST EN 13911* – Hlífðarfátnaður fyrir sökkviliðsmenn - Kröfur og prófunaraðferðir fyrir hlífðarhettur slökkviliðsmanna
- *ÍST EN 14458* – Augnhlífar – Andlitshlífar og skyggni til nota með hjálmum slökkviliðs-manna, sjúkraflutningamanna og manna sem starfa við neyðaraðstoð
- *ÍST EN 14605*/*ÍST EN 14605* – Hlífðarfátnaður til nota gegn fljótandi efnum - Nothæfiskröfur vegna fatnaðar með vökvapéttum (gerð 3) eða úðapéttum (gerð 4) samskeytum, þ.m.t. fatnaðar sem verndar aðeins hluta líkamans (gerð PB [3] og PB [4])
- *ÍST EN 15090* – Fótabúnaður fyrir slökkviliðsmenn
- *ÍST EN 15614* – Hlífðarfátnaður fyrir slökkviliðsmenn – Prófunaraðferðir í tilraunastofu og nothæfiskröfur varðandi hlífðarbúnað til nota við slökkvistarf á óbyggðasvæðum
- Miða skal við að fatnaður sem klæðst er undir hlífðarfátnaði uppfylli staðalinn *ÍST EN 531* Hlífðar-fatnaður fyrir iðnverkafólk sem vinnur í hita (að undanskildum fatnaði fyrir slökkviliðsmenn og málmsuðumenn)

Gjaldskrár

 Nr. 626/2009	16.7.2009
GJALDSKRÁ Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.	
 Nr. 391/2009	22.4.2009
GJALDSKRÁ fyrir Slökkvilið Sandgerðisbæjar.	
 Nr. 311/2009	25.3.2009
GJALDSKRÁ Slökkviliðs Akureyrar.	
 Nr. 592/2008	24.6.2008
GJALDSKRÁ fyrir Brunavarnir Suðurnesja.	
 Nr. 417/2008	6.5.2008
GJALDSKRÁ Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.	